

Nr. 265.

578

16. september 1974.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974 er sjúkrasamlögum hér með heimilað að greiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar eftirtalin lyf, sem eru óskráð, en notuð samkvæmt sérstakri heimild:

1. Lyf til ofnæmisaðgerða (hyposensibilisering), enda sé þeim ávisað með lyfseðli sérfræðings í húðsjúkdómafræðum.
2. Sérlyfið Calcitäre (calcitonin), til notkunar við meðferð pagetssjúkdóms.
3. Sérlyfið Provera 100 mg.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 266.

1. október 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin talin í tilgreindum flokkum ritsins „Lyf á Íslandi“ og auðkennd í gildandi lyfjaverðskrá:
 - a. Astma (aðeins innúðalyf) 32. flokkur
 - b. Gláka 45. flokkur E
 - c. Berklaveiki 4. flokkur P
 - d. Langvarandi briskirtilsbólga 27. flokkur A
 - e. Flogaveiki 34. flokkur
 - f. Hjartasjúkdómar 14. flokkur og 31. flokkur A, B, L
 - g. Skjaldkirtilssjúkdómar 43. flokkur
 - h. Sykursýki 5. flokkur
 - i. Vöðvaslénufár (Myasthenia gravis) 10. flokkur B
 - j. Þvagghlaup (Diabetes insipidus) 25. flokkur E
 - k. Krabbameinslyf 38. flokkur

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum enda séu þau talin í tilgreindum flokkum ofangreinds rits og auðkennd í gildandi lyfjaverðskrá:

a. Eirsýki (mb. Addisonii)	25. flokkur F og 3. flokkur K
b. Geðveiki (antidepressiva og psychososedativa)	13. flokkur og 36. flokkur
c. Parkinsonssjúkdómur	20. flokkur
d. Psoriasis og exem	50. flokkur C
e. Mergruni (Anemia perniciosa) og alvarlegur fólinsýru- skortur (Anemia macrocytica Folinoparva)	1. flokkur C og E

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkra-samlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkur lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 150 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 260 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast gildi 15. október 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. október 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.